

Nr. 5.  
15.  
júní.

## Konungleg auglýsing

um

að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjærvist konungs.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Þareð Vjer höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum Vjer, samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur ekki er orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, að ríkisstjórn í fjærvist Vorri sje falin á hendur ríkisarfanum.

Því birtum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að sonur Vor elskulegur, hans konunglega tign, krónprinz Christian Frederik Vilhelm Carl, tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá 15. þ. m. þangað til Vjer komum heim aptur.

*Gefið á Amaluhöll, 15. júní 1887.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. B. S. Estrup.*

**Allerhøjeste Kundgjørelse**Nr. 5.  
15de  
Juni.

angaaende

Overdragelse af Regjeringens Førelse under Kongens Fraværelse til  
Thronfølgeren.

**Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark,  
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Da Vi staa i Begreb med at foretage en Rejse til Udlandet, ville Vi i Henhold til § 1 i Loven af 11te Februar 1871 om Regjeringens Førelse i Tilfælde af Kongens Umyndighed, Sygdom eller Fraværelse, have Regjeringens Førelse under Vor Fraværelse overdragen til Thronfølgeren.

Thi kundgjøre Vi herved for Vore kjære og tro Undersaatter, at Vor højtelskede Søn, Hans Kongelige Højhed Kronprinds Christian Frederik Wilhelm Carl, fra den 15de d. M. indtil Vor Hjemkomst overtager Regjeringens Førelse i Vort Navn.

Givet paa Amalienborg, den 15de Juni 1887.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. B. S. Estrup.*